

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. gr. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. maí 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Reglubraut frá Skólavegi í vestur að Vestmannabraut 58b.

Einstefna verður á Brekkugötu til norðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 4. maí 2004.

Karl Gauti Hjaltason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Einholt, Akureyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. febrúar 2004 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit milli Einhólts og Hlíðarbrautar.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir tveimur nýjum einbýlishúsalóðum við Einholt og stækkun lóðarinnar nr. 26.

Skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akureyri, 7. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.